

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. másl. 3. gr. laganna orðast svo: Heimild þessi gildir til ársloka 2018.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 13 16. mars 1949 var Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og gildi heimildin í 10 ár. Var sú heimild framlengd um 10 ár í senn, síðast með lögum nr. 94 10. desember 1999 til ársloka 2007.

Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til rekstrar happdrættis verði framlengd um 11 ár, þ.e. til ársloka 2018. Slík framlenging væri í samræmi við gildistíma heimildar Happdrættis Háskóla Íslands til einkareksturs peningahappdrættis hér á landi sem framlengdur var til 1. janúar 2019 með lögum nr. 127/2003.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1959, um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til reksturs happdrættis verði framlengd um 11 ár eða til loka ársins 2018, líkt og áður hefur verið gert nokkrum sinnum. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.